

---

---

# **Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál**



Af Dynjandisheiði. Mynd Ágúst Atlason

---

---

## **Skýrsla til 55. fjórðungsþings á Hólmavík 4. september 2010**

## **Fulltrúar í samgöngunefnd 2009-2010:**

Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ, formaður  
Eyrún I. Sigþórsdóttir, Tálknafjarðahreppi  
Jóhann Hannibalsson, Bolungarvík  
Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólahreppi  
Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppi

### **Fundir nefndarinnar**

Samgöngunefnd fundaði fjórum sinnum á yfirstandandi starfsári. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 2. nóvember 2009, þar sem rætt var um Vestfjarðaveg 60 og horfur mála eftir dóm Hæstaréttar. Daginn eftir sótti formaður nefndarinnar fund í samgönguráðuneytinu ásamt sveitarstjórnarmönnum í Barðastrandarsýslu um viðbrögð við dómnum. Annar fundur nefndarinnar var haldinn 18. janúar og fjallaði að verulegu leyti um sama efni. Þar var einnig rætt um störf Dynjandisheiðarhópsins og um vetrarviðhald og vetraropnanir. Priðji fundurinn var 26. apríl í vor og sá fjórði 3. maí.

Fundirnir í apríl og maí snerist fyrst og fremst um Samgönguáætlun 2010-2012 sem loks var lögð fram á alþingi. Þar var búið að taka Dýrafjarðargöng út af áætlun og kallaði á hörð viðbrögð nefndarinnar í formi ályktunar. Óskað var eftir fundi með samgöngunefnd Alþingis sem haldinn var nokkru síðar. Um afdrif málsins má lesa hér neðar. Jafnframt var á aprílfundinum lagt fram lögfræðiálit vegna dóms Hæstaréttar varðandi Vestfjarðaveg 60 um Gufudalssveit. En viðbrögð Vegagerðarinnar og ráðuneytisins hafa engin verið hingað til, önnur en þau að halda fund á Patreksfirði í maímánuði þar sem ráðherra og yfirmönnum Vegagerðarinnar var gerð fullkomin grein fyrir því að ekki kæmi til greina að fara hálsaleiðina um Gufudalssveit, heldur bæri að stefna ótrautt áfram með þverun Gufu- og Djúpafjarðar og veg ofan Teigsskógar.

Hinn 25. ágúst fundaði nefnd samgönguráðuneytis um almenningssamgöngur með Samgöngunefnd FV og framkvæmdastjóra sambandsins um skipulag almenningssamganga áherslur Vestfískra sveitarfélaga í þeim málaflokki.

### **Vestfjarðavegur um Barðastrandarsýslu**

Í kjölfarið á dómi Hæstaréttar þar sem úrskurður umhverfisráðherra frá janúar 2007 var felldur úr gildi varðandi veglagningu frá Skálanesi í Porskafjörð í Reykhólahreppi fundaði samgöngunefnd 2. nóvember til að meta stöðu málsins. Daginn eftir var fundur í samgönguráðuneytinu með ráðherra, ráðuneytismönnum, fulltrúum Vegagerðarinnar og sveitarstjórnarmönnum í Barðastrandarsýslu þar sem rædd voru viðbrögð við dómnum.

Álit lögfræðinga Vegagerðarinnar um framhald málsins liggur fyrir, en ákvörðun framhaldið hefur ekki verið tekin af ráðuneyti eða Vegagerð og málið allt í kyrrstöðu ennþá. Ljóst er að það er sama hvaða leið er farin gegnum nýjan úrskurð eða nýtt

umhverfismat, að það gæti tekið 1-4 ár, eftir því hvaða kærur, áfrýjanir og dómsmál kunna að rísa.

Aðrir hlutar leiðarinnar frá Flókalundi í Bjarkalund hafa þokast áfram. Framkvæmdir við veginn um Hjarðarnes úr Vatnsfirði í Kjálkafjörð, um 15 km., verða fullkláraðir síðar í haust. Næsti áfangi frá Kjálkafirði um Kerlingafjörð að Eiði er nú í umhverfismati og von til að því ljúki fljótlega. Núverandi vegur þar er 24 km. en mun styttast um 5-8 km. með þverunum á tveim stöðum. Nú er unnið að umhverfismati á þeirri leið og von til að útboð fari af stað strax í framhaldi af niðurstöðum þess.

## Dynjandisheiðarnefnd

Samgönguráðuneyti fór þess á leit á síðasta ári að Fjórðungssambandið skipaði two fulltrúa í starfshóp um framkvæmdir á Dynjandisheiði. Sambandið tilnefndi two fulltrúa úr samgöngunefnd, Sigurð Pétursson Ísafirði og Eyrúnu I. Sigþórsdóttur Tálknafirði. Aðrir nefndarmenn eru frá Vegagerði ríkisins, Gísli Eiríksson Ísafirði, formaður nefndarinnar, Eiríkur Bjarnason Reykjavík og Eiður B Thoroddsen Patreksfirði. Auk þess hefur Kristján Kristjánsson starfsmaður Vegagerðarinnar starfað með nefndinni.

Fyrsti fundur hópsins var haldinn 14. október 2009 og hefur hann fundað nokkrum sinnum. Starfshópurinn hefur kortlagt mögulegar leiðir í vegagerð á milli Þingeyrar og Bíldudals/Barðastrandar, til samanburðar við vegalagningu um Dynjandisheiði og látið gera úttekt á samfélagslegum áhrifum þess að heilsárssamband verði opnað á þessari leið. Þá hafa nokkrir möguleikar á vegastæði um Dynjandisheiði verið skoðaðir og nú er unnið að því að útfæra tvær leiðir um heiðina með tilliti til kostnaðar, hæðar og færðar. Öll vinna nefndarinnar miðast við að byggðir í Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu verði tengdar með heilsársvegi. Nefndin mun skila niðurstöðu sinni í veturn.

**Áfram vestur** nefnast samtök valinkunnra Vestfirðinga í Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu sem héldu two opna fundi um Dýrafjarðargöng og samgöngur á svæðinu á Ísafirði 28. nóvember 2009 og 13. mars á Patreksfirði. Fundirnir voru fjölsóttir og þar kom fram eindreginn vilji til að ýta eftir framkvæmdum við Dýrafjarðargöng og vegabætur um Dynjandisheiði.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti eftirfarandi áskorun á fundi sínum þann 26. April 2010:

## Áskorun vegna Dýrafjarðarganga og Vestfjarðavegar nr 60

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfjarða skorar á samgöngunefnd Alþingis að setja aftur inn á Samgönguáætlun áranna 2009 – 2012 framlög til Dýrafjarðarganga, og staðfesta þannig fyrri vilja Alþingis og Vestfirðinga að göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verði sett á áætlun samhliða Norðfjarðargöngum sem næsta jarðgangaframkvæmd á Vestfjörðum.

Ekki ætti að þurfa að rökstyðja mikilvægi Dýrafjarðarganga fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum, svo mjög sem rætt hefur verið um samgönguerfiðleika á milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu á undangengnum áratugum. Dýrafjarðargöng eru forsenda allra áætlana um uppbyggingu atvinnulífs, þjónustu og opinberrar stjórnsýslu á Vestfjörðum, hvort heldur litið er til Sóknaráætlunar 20/20, Byggðaáætlunar, samvinnu eða sameiningar sveitarfélaga eða annarra opinberrar þjónustu.

Dýrafjarðargöng og uppbygging vegar um Dynjandisheiði sameinar byggðir Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu í eitt atvinnu- og stjórnsýslusvæði og er alger forsenda þess að opinberar áætlanir um uppbyggingu á Vestfjörðum nái fram að ganga. Frestun Dýrafjarðarganga, þó ekki sé nema um nokkur ár, mun reynast samfélagini dýr.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga vill minna á að framlög til vegar um Barðastrandarsýslu á milli Bjarkalundar og Flókalundar hafa áður verið ákveðin og Dýrafjarðargöng eiga ekki að hafa áhrif á þá stefnu að koma byggðum Barðastrandarsýslu í heilsársvegasamband við þjóðvegakerfi landsins. Nú er útlit fyrir að Vesturbyggð og Tálknafjörður verði einu þéttbýlissvæði á landinu sem enn hafa ekki nútímavegasamband við aðra landshluta að tveim árum liðnum, hvort heldur er sunnan Breiðafjarðar eða norðan. Vestfirðingar skora á Alþingi að sýna vilja í verki með því að samþykkja úrbætur í þessum efnum á samgönguáætlun nú þegar.

Fulltrúar Samgöngunefndar FV fóru á fund samgöngunefndar Alþingis og fylgdu eftir ályktun nefndarinnar og stjórnar sambandsins. Niðurstaða málsins varð sú að meirihluti samgöngunefndar Alþingis gerði breytingu á tillögu samgönguráðherra og lagði til að Dýrafjarðargöng yrðu aftur sett inn á áætnina með 20 milljóna króna framlagi á árinu 2012, til undirbúnings framkvæmdarinnar.

---

Þess skal getið að á liðnu ári voru tekin í gagnið samgöngumannvirki á Vestfjörðum sem lengi hefur verið beðið eftir. Það er vegurinn um Arnkötłudal og Gautsdal á milli Hól mavíkur og Reykhólasveitar og brúin yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi ásamt vegalagningu um Vatnsfjörð og Reykjafjörð. Þessar framkvæmdir markar þáttaskil í samgöngumálum Vestfjarða þar sem nú má aka á varanlegu slitlagi frá Ísafirði um Hól mavík til höfuðborgarsvæðisins.

Betur má ef duga skal til að Vestfirðingar njóti samgangna sem sambærilegar eru við aðra landshluta. Nú árið 2010 eru Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur einu þéttbýlisstaðir á Íslandi sem ekki hafa sómasamlega tengingu við aðalþjóðvegakerfi landsins eða við næstu þéttbýlkjarna í Ísafjarðarbæ. Allir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum þurfa að sameinast um að berjast fyrir úrbótum á því sviði án frekari tafa.

Sigurður Pétursson,  
fomaður Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vesfirðinga.